

Fréttabréf maí

- Félagafundur Snarfara var haldinn þann 28.apríl í félagsheimili klúbbsins. Um 38 manns mættu. Stjórn sagði frá verkefnum í gangi og þar sem stæði til að gera á næstunni. Eftir fund var boðið upp á veitingar. Framtíð Hvammsvíkuraðstöðu var borin undir fundarmenn og var samþykkt að gert yrði við bryggju og aðstaðan gerð klár fyrir féлага. Ýmislegt annað var rætt m.a. hugmyndir um landfyllingu í Elliðavogi. Hægt er að kynna sér málið með því að smella á **Error! Hyperlink reference not valid.** link.
- Komið hefur í ljós að austurhlið félagsheimilis er ónýt. Huga þarf að viðgerð sem fyrst. Einnig þarf nauðsynlega að mála húsið og er stefnt að því á hreinsunardögum ásamt því að sinna fleiri verkefnum.
- Viðgerðum á baðherbergi í félagsheimili er lokið en hún varð mun viðameiri en hugað var í fyrstu.
- Undirbúningur vegna viðburðar á svæðinu í tengslum við Listahátíð er í fullum gangi. Stjórn var beðin um að koma áleiðis til félagsmanna þökkum frá skipuleggjendum hátíðarinnar og þá sérstaklega vegna þess góða og hlýja viðmóts sem hópurinn finnur frá félögum í Snarfara.
- Stefnt er að því að fara út í Þerney á uppstigningardag og taka polla sem liggja utarlega á bryggjunni og setja aðra í staðinn utar.
- Stjórn félagsins fyrir hönd félagsmanna vill þakka Jens Pétri Jensen fyrir góða gjöf til félagsins en fyrirtæki hans Isnic færði okkur apple tölvu sem verður staðsett hér í félagsheimili fyrir gesti og gangandi. Hún kemur í stað gömlu tölvunnar og verður sett upp á næstu dögum.
- Beðið er eftir svari frá Borgarsögusafni en stjórn Snarfara sendi beiðni um að bryggjan yrði staðsett austar en síðast var, þar sem meira aðdýpi er.

- Snarfari (fræðslunefnd) í samstarfið við Brokey styðja við siglinganámskeið sem haldið verður í Snarfara í lok maí og byrjun júní. Um er að ræða námskeið í siglingum fyrir byrjendur en einnig fyrir þá sem lengra eru komnir. Frekari upplýsingar um námskeiðin má sjá á korktöflu í Snarfara. Námskeiðið heldur Jay Michael Thomson, þaulvanur siglari en hann og fjölskylda hans er Íslendingum að góðu kunn. Þetta er tækifæri sem engin sem hefur siglingadrauminn í maganum ætti að láta fram hjá sér fara.
- Við viljum svo vekja athygli félaga á vorfagnaði Snarfara laugardaginn 28. Maí. Það verður gott party og skemmtilegheit. Nánari upplýsingar í viðburðarskrá á heimasíðu Snarfara. Opnað verður fyrir skráningu á næstu dögum og verður það sérstaklega auglýst.
- Verið er að vinna að koma rafmagni á þjónustubryggjuna.

Að lokum-ekki gleyma hreinsundögum. Okkar vantar alla þá hjálp sem býðst.

Stjórnin